

Gjaldskrá þessi sem staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 2. mars 1989, með vísan til auglýsingar ráðuneytisins nr. 71, 1. mars 1989 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 386, 25. júlí 1988.

*Iðnaðarráðuneytið, 20. mars 1989.*

F. h. r.  
**Páll Flygenring.**

Guðrún Skúladóttir.

## GJALDSKRÁ

### Orkubús Vestfjarða fyrir raforku.

#### I. SMÁSALA. Gjaldskrárlíðir.

Orkubú Vestfjarða selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

##### A.1 Almenn notkun.

Öll almenn notkun, svo sem heimilisnotkun, lýsing, smávélanotkun og öll önnur notkun ótalin annars staðar.

Orkugjald . . . . .	6,87 kr/kWh
Fastagjald . . . . .	3 340,00 kr/a

##### A.2 Vinnuljósanotkun.

Öll skammtímanotkun og til vinnuvéla, vinnuljósa og annars við mannvirkjagerð, svo og við breytingar á eldri mannvirkjum.

Orkugjald . . . . .	10,30 kr/kWh
Fastagjald . . . . .	3 340,00 kr/a

##### A.3 Utanhússlýsing.

Öll notkun og viðhald úti- og götulýsingar.

Aflgjald . . . . .	11 900,00 kr/kW/a
Viðhaldsgjald . . . . .	14 200,00 kr/kW/a

##### A.4 Sumarbústaðanotkun.

Öll notkun í sumarbústöðum og sumarbúðum.

Orkugjald . . . . .	2,82 kr/kWh
Fastagjald . . . . .	13 350,00 kr/a
á hús (¼ hluti söluskattskyldur).	

##### A. 5 Markmæling.

Allur almennur búrekstur.

Aflgjald, lágmarksstilling 4 kW . . . . .	33 570,00 kr/a
Aflgjald umfram 4 kW að hámarksafstillingu 20 kW . . . . .	5 600,00 kr/kW/a
Orkugjald af allri notkun . . . . .	1,91 kr/kWh
Orkugjald af notkun umfram aflstillingu . . . . .	6,87 kr/kWh

Orkugjald vegna rafhitunar heimila er niðurgreitt samkvæmt ákvörðun iðnaðarráðuneytis. Sjá kafla um niðurgreiðslur og sérstakan afslátt.

Heimilt er að selja raforku til búrekstrar samkvæmt öðrum liðum ef hagkvæmara þykir.

### B.1 Aflmæling.

Öll meiri háttar véla- og iðnaðarnotkun.

Lágmarksafgjald 15 kW . . . . .	148 200,00 kr/a
Aflgjald umfram 15 kW . . . . .	9 880,00 kr/kW/a
Orkugjald . . . . .	2,17 kr/kWh

### B. 11 Varmadætur.

Til notkunar á varmadælum (sjá D.3).

Orkugjald . . . . .	1,75 kr/kWh
Aflgjald . . . . .	7 910,00 kr/kW/a

### B.2 Súgþurrkun.

Til súgþurrkunar á tímabilinu 1. júlí til 31. október.

Aflgjald . . . . .	2 710,00 kr/kW/a
Orkugjald . . . . .	1,61 kr/kWh

### C.1/D.1 Hitun.

Orkugjald . . . . .	2,82 kr/kWh
Fastagjald . . . . .	3 340,00 kr/a

Orkugjald vegna rafhitunar heimila er niðurgreitt samkvæmt ákvörðun iðnaðarráðuneytisins. Sjá kafla um niðurgreiðslur og sérstakan afslátt.

Roftími er allt að 3 klst./sólarhr.

### C.1/D.2 Næturhitun.

Orkugjald . . . . .	1,75 kr/kWh
---------------------	-------------

Orkugjald vegna rafhitunar heimila er niðurgreitt samkvæmt ákvörðun iðnaðarráðuneytisins. Sjá kafla um niðurgreiðslur og sérstakan afslátt.

Roftími er allt að 15 klst./sólarhr.

### D.3 Varmadætur.

Til notkunar á varmadælum.

Orkugjald . . . . .	4,06 kr/kWh
Fastagjald . . . . .	3 340,00 kr/a

### Innheimta og lokun.

Innheimtugjald:

Gjald til greiðslu kostnaðar við vanskilainnheimtu og undirbúning að lokun er kr. 760,00.

Lokunargjald:

Gjald fyrir lokun og enduropnun veitu vegna vanskila er kr. 1 510,00.

### Skilgreiningar og ýmis ákvæði.

#### 1. Utanhússlýsing.

Orkubú Vestfjarða sér um uppsetningu utanhússlýsingarkerfa samkvæmt ósk notanda, sem greiðir allan stofnkostnað.

Allt eðlilegt viðhald lýsingar annast Orkubú Vestfjarða á sinn kostnað.

## 2. Markmæling.

Liður A.5 er fyrir heildarorkusölu til bændabýla samkvæmt opinberri skráningu og skilgreiningu þar um. Aðrir gjaldskrárliðir eru ekki veittir samhliða honum svo sem súgþurrkun eða húshitun. Breyting á aflstillingu er aðeins gerð samkvæmt skriflegri beiðni notanda, hvort sem hún er til hækkunar eða lækkunar.

## 3. Aflgjaldsmæling.

Aflgjald er ákveðið samkvæmt mælingu miðað við 15 mín. meðalgildi afls.

Gjaldskýlt afl hvers almanaksárs er meðaltal fjögurra hæstu mánaðargilda, en hjá fiskibræðslum, fiskimjölsverksmiðjum og við hliðstæða notkun, meðaltal tveggja hæstu mánaðargilda.

Lágmarksaflgjald er miðað við 15 kW afl. Notanda með lægra meðalgildi afls er þó heimilt að kaupa raforku samkvæmt lið B.1, enda greiði hann þá lágmarksaflgjaldið.

## 4. Sumarafl.

Á tímabilinu 1. maí til og með 30. september ár hvert geta notendur á afltaxta, B.1, fengið heimild til að hækka afltopp sinn, án þess að sú hækkun hafi áhrif á reiknaðan ársmeðaltopp.

Skilyrði fyrir slíkri heimild eru:

1. Lágmarksheimild er 30 kW.
2. Gjald fyrir heimild er 10% af ársaflgjaldi skv. gjaldskrárlið B.1, ár hvert.

Heimildin tekur gildi 1. maí eða á greiðsludegi ef hann er síðar og gildir til loka septembermánaðar.

## 5. Véla- og tækjanotkun.

1. Ef úttekið launafl hjá notanda nemur meiru en 50% af mestu útteknu raunaflí á ári, miðað við 15 mín. meðalgildi afls, skal hann gera ráðstafanir á sinn kostnað til þess að færa það niður í framangreint hlutfall.

Orkubú Vestfjarða getur krafið notanda um sérstakt gjald fyrir launafl sé framangreint hlutfall yfir 50% (cos undir 0,9), þar til úr hefur verið bætt.

2. Heimilt er að banna notkun rafsuduspenna og annarra tækja, er valda tilfinnanlegum truflunum, um lengri eða skemmri tíma eftir aðstæðum hverju sinni.

## 6. Takmörkun á vali gjaldskrárliða o. fl.

Þegar um sérstakar aðstæður er að ræða, svo sem tímabundna notkun mikils afls, getur Orkubú Vestfjarða takmarkað val notanda við ákveðna gjaldskrárliði eða gert sérstaka samninga um skilyrði fyrir tengingu. Þar sem framleiðslukostnaður orku er sérstaklega hár, svo sem á dieselstöðvasvæðum, eða flutningsgeta og/eða spennaafli er takmarkað, áskilur orkubúið sér rétt til þess að takmarka val gjaldskrárliða.

## 7. Annað.

Sölugjald 25% er innifalið í öllum gjaldskrárliðum nema orkugjöldum til hitunar í liðum A.4, A.5, C.1, C.2, D.1 og D.2 og tilsvarendi fastagjöldum og viðhaldsgjaldi götulýsingar.

Gjaldskrárverð breytast í samræmi við þær breytingar, sem kunna að verða á þessum gjöldum.

Orka til varmadælna skal seld skv. gjaldskrárlið B11 eða D3 að vali notanda og vera undanþegin söluskatti og verðjöfnunargjaldi skv. ákvörðun fjármálaráðuneytisins.

## II. HEIMTAUGARGJALD Í ÞÉTTBÝLI.

Heimtaugargjöld Orkubús Vestfjarða í kaupstöðum, kaптúnum og þorpum, tengdum veitusvæðum orkubúsins og með fasta íbúatölu 50 eða fleiri, samkvæmt skrá Hagstofu Íslands á hverjum tíma miðað við áramót, eru sem hér segir:

1. Orkubú Vestfjarða ákveður stærð og gerð heimtauga eða spennistöðva fyrir hverja húsveitu. Með heimtaug er átt við hvort heldur tengingu við rafveitu og/eða hitaveitu.
  - 1.1 Umsækjandi heimtaugar skal á heimtaugarumsókn gera grein fyrir væntanlegri heildar aflþörf næstu 5 árin, ásamt gerð og notkun húsnæðis, tilgreina skal sérstaklega aflþörf vegna hitunar. Teikning af húsnæðinu fylgi heimtaugarumsókn. Heimtaugargjald skal greitt að fullu áður en verk er hafið.
2. Ein heimtaug er lögð að eign eða eignum á hverri lóð og greiðist heimtaugargjald af hverri heimtaug eða spennistöð sem hér segir:

### 2.1 Heimtaug.

Aflþörf veitu kW	Stofngjald kr.	Jarðstrengur gjald af yfirlengd kr/m
Allt að 40 . . . . .	62 000,00	1 250,00
40– 65 . . . . .	91 900,00	1 500,00
65– 130 . . . . .	193 300,00	1 880,00
130– 200 . . . . .	303 500,00	2 260,00
Aukamælagrind fyrir hitaveitur . . . . .	25 100,00	

- 2.2 Yfirlengd reiknast af jarðlínuheimtaug, sem er lengri er 25 m í lóð.

Lengd jarðstrengsheimtaugar reiknast frá lóðamörkum við götu, stystu greiðfæra leið að varkassa á útvegg götuhliðar hússins. Teljist hagkvæmara að hafa varkassa á innvegg skal leita samþykkis orkubúsins um gerð og frágang pípu, sem heimtaugarstrengurinn verður dreginn í. Af jarðstrengsheimtaug með flutningsgetu 130–200 kW greiðist yfirlengdargjald af vegalengd frá stofnvarkassa að rofa í dreifistöð að frádregnum 25 m í lóð. Af vegalengd umfram 125 m í götu greiðist ekki yfirlengdargjald, sjá þó lið 2.4.

- 2.3 Sé nauðsynlegt eða hagkvæmara að setja spennistöð að mestu eða öllu leyti, fyrir einn notanda, skal hann leggja til lóð eða húsnæði fyrir spennistöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi orkubúsins, með hliðsjón af tæknilegum aðstæðum hverju sinni.

Þegar lóð er lögð til, er það gert orkubúinu að kostnaðarlausu og hlíta ber skilmálum þess um stærð og staðsetningu stöðvarinnar. Þegar húsnæði fyrir spennistöð er lagt til, t.d. innan þess húsrýmis er umsækjandi hefur til umráða, svo sem í fiskverkunarhúsum, fiskimjòlsbræðslum, iðnaðarhúsnæði, verslunarhúsnæði o. s. frv., skal staðsetning þess ákveðin með samþykki orkubúsins í hverju tilviki og skal húsnæðisaðstadan fullnægja þeim kröfum sem gerðar eru um húsnæði til þessara nota. Húsnæðið – uppstept hús – er lagt orkubúinu til að kostnaðarlausu, en það sér um allan kostnað við fullnaðarfrágang húsnæðisins eftir nánara samkomulagi þar um hverju sinni.

- 2.4 Telji orkubúid að auka þurfi flutningsgetu heimtaugar eða stækka spenni, eða notandi óskar eftir þeirri aukningu skal notandi greiða 40% kostnaðar samkvæmt heimtaugargjaldskrá fyrir íbúðarhús, en allan kostnað samkvæmt kostnaðarreikningi fyrir iðnaðar- og verslunarhús o.þ.h.

3. Fyrir bráðabirgðaheimtaug í vinnuskúr eða hús í byggingu skal greiða sem hér segir:

3.1 Grunn gjald óháð kostnaði við setningu bráðabirgðaheimtaugar kr. 6 020,00.

3.2 Fyrir kostnað við framkvæmd verksins og leigu á efni samkvæmt kostnaðaráætlun orkubúsins, sem miða skal við aðstæður hverju sinni.

4. Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum, innan kaupstaða, kaupþúna og þorpa. Sé um óskipulagt svæði að ræða eða aðstæður óeðlilegar, skal greiða heimtaugargjald samkvæmt reikningi, er byggist á kostnaðaráætlun eða raunkostnaði, háð aðstæðum og ákvörðun orkubúsins hverju sinni.

### III. HEIMTAUGARGJALD Í SVEITUM.

1. Hver sá, er óskar að fá heimtaug frá Orkubúi Vestfjarða í sveitum, skal hafa greitt heimtaugargjald til Orkubús Vestfjarða áður en lagning veitunnar er hafin. Óheimil er rafmagnsnotkun um heimtaug, nema framangreindu skilyrði um greiðslu heimtaugargjalds hafi verið fullnægt.
2. Heimtaugargjald fyrir sumarhús, veiðihús og annað húsnæði þar sem ekki er föst búseta eða reglubundin starfsemi, svo og bráðabirgðaheimtaugar, skal vera samkvæmt kostnaðaráætlun Orkubús Vestfjarða fyrir heimtaugar í íbúðarhús, kirkjur, skóla og atvinnuhúsnæði o. þ. h. skal grunnjald vera kr. 88 900,00 á hvern notanda.

Framangreint grunnjald, kr. 88 900,00, miðast við vísitölu byggingarkostnaðar, 125,4 stig og að Orkusjóður greiði það sem vantar á heildarkostnað við lagningu heimtaugar og spennistöðvar. Grunnjald breytist í sama hlutfalli og vísitalan til hækkunar eða lækkunar.

### IV. NIÐURGREIÐSLUR.

Iðnaðarráðuneytið ákveður upphæð niðurgreiðslna á raforku til hitunar íbúðarhúsnæðis og setur nánari reglur þar um. Niðurgreiðslna njóta þau heimili sem búa við rafhitun og eiga ekki kost á heitu vatni til upphitunar frá hitaveitu sem rekin er á viðkomandi stað. Um niðurgreiðslur sem inntar verða af hendi frá 1. janúar 1987 gilda eftirfarandi reglur:

Hver kílóvattstund (kWh) er niðurgreidd um fasta upphæð, upp að ákveðinni hámarksnotkun. Til grundvallar þessu er lögð orkunotkun að hámarki 40 000 kWh á ári samkvæmt lið C1 og 56 000 kWh samkvæmt lið A5, en er skipt eftir vægi veturs og sumars í hitaþörf. Vetrartímabilið er frá og með 16. október til og með 15. apríl. Þetta skal framkvæmt á eftirfarandi hátt:

Liður C1 hitun:

Niðurgreidd er orka sem er allt að 140 kWh á dag að jafnaði á vetrartíma en 80 kWh á dag á öðrum tíma árs. Niðurgreiðsla nemur kr. 0,63 á kWh og að auki sérstakur afsláttur, 0,31 kr. á kWh.

Liður A5 markmæling:

Niðurgreidd er orka sem er allt að 194 kWh á dag að jafnaði á vetrartíma en 113 kWh á dag á öðrum tíma árs. Niðurgreiðsla nemur kr. 0,45 á kWh og að auki sérstakur afsláttur 0,22 kr. á kWh.

Ekki er sett hámark við niðurgreiðslur samkvæmt lið C2 næturhitun. Niðurgreiðsla nemur kr. 0,38 á kWh og að auki sérstakur afsláttur, kr. 0,31 kr. á kWh.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af stjórn Orkubús Vestfjarða og sett samkvæmt lögum nr. 66 31. maí 1976, er hér með staðfest til að öðlast gildi 2. mars 1989, með vísan til auglýsingar ráðuneytisins nr. 70, 1. mars 1989 og birtist til eftirbreyttni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 388, 25. júlí 1988.

*Iðnaðarráðuneytið, 20. mars 1989.*

F. h. r.  
**Páll Flygning.**

*Guðrún Skúladóttir.*